

*Aðalfundur Keflavíkur*  
*íþróttá- og ungmennafélags*  
2020

*Skýrsla og reikningar*



*Mánudaginn 17. febrúar kl. 20:00*

## Efnisyfirlit

|                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                   |                                     |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------|
| <b>Efnisyfirlit .....</b>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                         | <b>2</b>                            |
| <b>Dagskrá.....</b>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                               | <b>4</b>                            |
| <b>1.0 Aðalstjórn Keflavíkur 2019-2020 .....</b>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                  | <b>5</b>                            |
| 1.1 Aðalstjórn, verkaskipting .....                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                               | 5                                   |
| <b>2.0 Starfandi nefndir á vegum aðalstjórnar .....</b>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                           | <b>5</b>                            |
| 2.1 Ritnefnd .....                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                | 5                                   |
| 2.2 Laganefnd .....                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                               | 5                                   |
| 2.3 Unglingalandsmótsnefnd .....                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                  | 5                                   |
| 2.4 Húsnefnd .....                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                | 5                                   |
| 2.5 Umhverfisdagurinn .....                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                       | 5                                   |
| 2.6 Innrastarfélag .....                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                          | 5                                   |
| <b>3.0 Störf aðalstjórnar .....</b>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                               | <b>6</b>                            |
| 3.1 Frá síðasta aðalfundi .....                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                   | 6                                   |
| 3.2 Stjórnarfundir .....                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                          | 6                                   |
| 3.3 Af störfum aðalstjórnar .....                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                 | 6                                   |
| 3.4 Viðurkenningar utan aðalfundar .....                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                          | 6                                   |
| 3.5 Ábyrgð aðalstjórnar gagnvart deildum félagsins .....                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                          | 7                                   |
| 3.6 Umhverfisdagur Keflavíkur .....                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                               | 7                                   |
| 3.7 Útgáfumál .....                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                               | 7                                   |
| 3.8 Framkvæmdarstjóri félagsins .....                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                             | 7                                   |
| <b>4.0 Félagsheimili Keflavíkur .....</b>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                         | <b>7</b>                            |
| <b>5.0 Keflavík íþrótta- og ungmennafélag 90 ára.....</b>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                         | <b>Error! Bookmark not defined.</b> |
| <b>Keflavík íþrótta- og ungmennafélag fagnaði 90 ára afmæli sínu þann 29. september og var öllum stjórnarmönnum deilda og ráða, iðkendum, foreldrum, þjálfurum og öðrum velunurum félagsins boðið til veislu sem haldinn var íþróttahúsinu við Sunnubraut. Boðið var upp á skúffuköku, sála og kristal. Öllum stjórnarmönnum deilda og ráða var boðið til hátíðarkvöldverðar í sal í félagsheimili okkar.....</b> |                                     |
| <b>6.0 Fyrirmyndarfélag/deild ÍSÍ.....</b>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                        | <b>7</b>                            |
| <b>7.0 Landsmót UMFÍ.....</b>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                     | <b>8</b>                            |
| 7.1 6. Landsmót UMFÍ 50+ á Blönduósi 19. - 22. júní 2020.....                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                     | 8                                   |
| 7.2 Íþróttaveisla UMFÍ 26. - 28. júní 2020 .....                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                  | 8                                   |
| 7.3 22. Unglingalandsmót UMFÍ á Höfn í Hornafirði 1. – 4. ágúst. 2019 .....                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                       | 8                                   |
| 7.4 23. Unglingalandsmót UMFÍ á Selfossi 30. júlí – 2. ágúst. 2020 .....                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                          | 8                                   |
| <b>8.0 Bæjaryfirvöld .....</b>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                    | <b>8</b>                            |
| <b>Lokaorð .....</b>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                              | <b>8</b>                            |
| <b>9.0 Íþróttakarli- og kona Keflavíkur og Íslandsmeistarar Keflavíkur 2019.....</b>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                              | <b>9</b>                            |
| 9.1 Íþróttakarli Keflavíkur 2019 Kristmundur Gíslason .....                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                       | 9                                   |
| 9.2 Íþróttakona Keflavíkur 2019 Eva Margrét Falsdóttir.....                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                       | 9                                   |
| 9.3 Íþróttakarli- og kona deilda Keflavíkur 2019.....                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                             | 10                                  |
| 9.4 Íslandsmeistarar Keflavíkur 2019 .....                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                        | 11                                  |



# KEFLAVÍK íþrótt- og ungmennafélag

Ársskýrsla 2019

|                                                                                        |           |
|----------------------------------------------------------------------------------------|-----------|
| <b>10.0 Starfsbikar Keflavíkur 2018, Ólafur Ásmundsson .....</b>                       | <b>11</b> |
| <b>11.0 Starfsmerki.....</b>                                                           | <b>12</b> |
| 11.1 Gullmerki .....                                                                   | 12        |
| 11.2 Silfurmerki .....                                                                 | 12        |
| 11.2 Silfurmerki frh .....                                                             | 13        |
| 11.3 Bronsmerki .....                                                                  | 13        |
| 11.3 Bronsmerki frh. ....                                                              | 14        |
| 11.3 Bronsmerki frh. ....                                                              | 15        |
| <b>12.0 Heiðursmerki, íþróttamenn Keflavíkur, starfsbikar og starfsmerki UMFÍ.....</b> | <b>15</b> |
| 12.1 Gullheiðursmerki .....                                                            | 15        |
| 12.2 Silfurheiðursmerki.....                                                           | 17        |
| 12.3 Íþróttamenn Keflavíkur 1995 – 2012 .....                                          | 18        |
| 12.4 Íþróttakar- og kona Keflavíkur 2013 - 2019 .....                                  | 18        |
| 12.5 Starfsbikar Keflavíkur .....                                                      | 18        |
| 12.6 Gullmerki UMFÍ .....                                                              | 18        |
| 12.7 Starfsmerki UMFÍ .....                                                            | 19        |
| <b>13.0 Ársreikningur Keflavíkur íþrótt- og ungmennafélags.....</b>                    | <b>20</b> |
| 13.1 Áritun reikninga .....                                                            | 21        |
| 13.2 Rekstrarreikningur 2019 .....                                                     | 22        |
| 13.3 Efnahagsreikningur 31. desember 2019 .....                                        | 23        |
| 13.4 Sundurliðanir með ársreikningi 2019.....                                          | 24        |
| 13.4 Sundurliðanir með ársreikningi 2019 frh. ....                                     | 25        |
| 13.5 Endurmats- og fyrningaskýrsla eigna 2019.....                                     | 26        |
| 13.6 Samstæðureikningur félagsins 2019.....                                            | 27        |
| 13.7 Skýringar með ársreikningi.....                                                   | 27        |
| 13.8 Fjárhagsáætlun 2020 .....                                                         | 28        |
| 13.8 Fjárhagsáætlun frh. 2020 .....                                                    | 29        |



Aðalfundur 17. febrúar 2020 haldinn í  
félagsheimili Keflavíkur Sunnubraut 34  
kl. 20:00

#### Dagskrá

1. Fundarsetning.
2. a) Kosinn fundarstjóri.  
b) Kosinn fundarritari.
3. Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram.
4. Formaður félagsins leggur fram skýrslu aðalstjórnar um starfsemi og framkvæmdir á liðnu starfsári.
5. a) Gjaldkeri félagsins leggur fram og útskýrir endurskoðaða reikninga aðalstjórnar og félagsins í heild fyrir liðið starfsár til samþykktar.  
b) Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.
6. Ávörp gesta.
7. Lagðir fram reikningar fastra nefnda til samþykktar.
8. Lagabreytingar sbr. 7. gr. og 10. gr.

#### Viðurkenningar

9. Kaffi hlé.
10. Kosinn formaður til eins árs.
11. Kosnir 2 menn í stjórn til tveggja ára.
12. Kosnir 3 menn í varastjórn til eins árs.
13. Kosnir 2 skoðunarmenn reikninga og einn til vara.
14. Kosning fastra nefnda er aðalfundur ákveður.
15. Ákveðið félagsgjald.
16. Önnur mál.
17. Fundarslit.



## **1.1 Aðalstjórn, verkaskipting**

|                             |               |
|-----------------------------|---------------|
| Einar Haraldsson            | formaður      |
| Kári Gunnlaugsson           | varaformaður  |
| Þórður Magni Kjartansson    | gjaldkeri     |
| Bjarney S. Snævarsdóttir    | ritari        |
| Birgir Már Bragason         | meðstjórnandi |
| Eva Björk Sveinsdóttir      | varastjórn    |
| Jónína Steinunn Helgadóttir | varastjórn    |
| Sveinbjörg Sigurðardóttir   | varastjórn    |

## **2.0 Starfandi nefndir á vegum aðalstjórnar**

### **2.1 Ritnefnd**

Framkvæmdarstjóri félagsins sér um útgáfumálin.

Markmið: Miðla upplýsingum til fólks um félagið og útgáfu á jólablaði félagsins.

### **2.2 Laganefnd**

Aðalstjórn Keflavíkur.

Markmið: Viðhalda lögum félagsins.

### **2.3 Unglingalandsmótsnefnd**

Eva Björk Sveinsdóttir og Einar Haraldsson.

Markmið: Undirbúa þátttöku keppenda á landsmótum UMFÍ.

### **2.4 Húsnefnd**

Einar Haraldsson.

Markmið: Huga að félagsheimili Keflavíkur.

### **2.5 Umhverfisdagurinn**

Einar Haraldsson.

Markmið: Deildir taka til í nærumhverfi sínu. Erum stolt að umhverfi okkar þar sem við stundum okkar æfingar og keppni.

### **2.6 Innrastarf félagsins**

Einar Haraldsson, Kári Gunnlaugsson og Þórður Magni Kjartansson

Markmið: Efla innra starf félagsins og kynna starfið fyrir bæjarstjórn Reykjanesbæjar og óska eftir stöðugildi til félagsins.

### 3.0 Störf aðalstjórnar

#### 3.1 Frá síðasta aðalfundi

Formaður var sjálfkjörinn. Birgir Ingibergsson og Sveinn Júlíus Adolffsson gengu úr stjórn og inn komu Jónína Steinunn Helgadóttir og Sveinbjörg Sigurðardóttir. Stjórnin skipti með sér verkum eins og sjá má hér að framan.

**Gullheiðursmerki var veitt:** Birgi Ingibergssyni og Sveini Júlíusi Adolffssyni.

**Starfsbikar félagsins var veittur:** Ólafi Ásmundssyni.



**Gullheiðursmerki Keflavíkur**  
Birgir Ingibergsson, Sveinn Adolffsson og  
Einar Haraldsson formaður Keflavíkur

#### 3.2 Stjórnarfundir


Alls hélt stjórnin 18 bókaða fundi á starfsárinu auk formanna- og gjaldkerafunda og funda með stjórnnum deilda. Stjórnarmenn sátu ýmsa vinnufundi í tengslum við ýmis verkefni. Fastur fundartími aðalstjórnar hefur verið annan hvern fimmtudag frá kl. 18:00-19:30. Varamenn hafa tekið þátt í störfum aðalstjórnar og ákvarðanatöku. Stjórnarfundir eru opnir deildum félagsins og hefur stjórnin hvatt forystumenn deilda til þess að nýta sér að flytja mál sín í upphafi stjórnarfunda. Umræður hafa verið málefnalegar og líflegar á stjórnarfundum og starfsandi góður.



**Starfsbikar Keflavíkur**  
Ólafur Ásmundsson og Einar Haraldsson formaður Keflavíkur

#### 3.3 Af störfum aðalstjórnar

Formanna og gjaldkerafundur Keflavíkur var haldinn 18. mars. Umhverfisdagur Keflavíkur var 6. maí. Einar Haraldsson sótti fund 2. apríl með Lilju Alfreðsdóttur mennta- og menningarmálaráðherra ásamt fulltrúum fræðslusviðs á Reykjanesi til að fara yfir stöðu mála vegna uppsagna starfsfólks á svæðinu. Hreyfivika UMFÍ var haldinn 27. maí – 2. júní. Ársþing Íþróttabandalags Reykjanesbæjar var haldið 27. maí í Íþróttakademíunni og átti Keflavík 10 fulltrúa á þinginu. Rúnar Arnarsson gaf ekki kost á sér til endurkjörs sem formaður og Bjarney S. Snævarsdóttir gjaldkeri ÍRB gaf ekki kost á sér til endurkjörs. Guðbergur Reynisson var kjörinn nýr formaður Íþróttabandalags Reykjanesbæjar. Einar Haraldsson, Kári Gunnlaugsson, Bjarney S. Snævarsdóttir, Kristján Þór Karlsson og Dagbjört Ýr Gylfadóttir voru þingfulltrúar Keflavíkur á 51. sambandsþingi UMFÍ sem haldið var á Laugarbakka Miðfirði 11. – 13. október. Aðild íþróttabandalaga var samþykkt. Haldnir voru tveir fundir í október með fulltrúum deild um framtíðarsýn félagsins. Aðalstjórn bauð til samsætis 30. desember í félagsheimili okkar þar sem kjöri á íþróttakarli- og konu Keflavíkur 2019 var lýst.



**Þingfulltrúar Keflavíkur á UMFÍ þingi**  
Kristján Þór Karlsson, Kári Gunnlaugsson, Einar Haraldsson  
Bjarney S. Snævarsdóttir og Dagbjört Ýr Gylfadóttir

#### 3.4 Viðurkenningar utan aðalfundar

**Gullmerki fyrir fimmtán ára stjórnarsetu:** Ólafur Birgir Bjarnason knattspyrnudeild og Bjarni Sigurðsson skotdeild.

**Silfurmerki fyrir tíu ára stjórnarsetu:** Sigurbór Sævarsson sunddeild.

**Bronsmmerki fyrir fimm ára stjórnarsetu:** Ágúst Páll Árnason unglingaráði knattspyrnudeildar, Ingvi Hákonarson körfuknattleiksdeild, Svanhildur Guðrún Leifsdóttir unglingaráði körfuknattleiksdeild, Erna Ósk Steinarsdóttir, Jón Oddur Guðmundsson og Þórey Guðný Marinósdóttir taekwondodeild.

### **3.5 Ábyrgð aðalstjórnar gagnvart deildum félagsins**

Rekstur deilda er misjafn og fer eftir umfangi deilda. Deildir hafa lokið sínum aðalfundum og kemur í ljós að reksturinn er frekar þungur. Aðalstjórn vill færa stjórnarmönnum deilda þakklæti sitt fyrir góða stjórnun á deildum félagsins. Aðalstjórn félagsins er ábyrg fyrir skuldum deilda sinna samkvæmt 3. gr. reglugerðar ÍSÍ um fjárreiður íþróttahreyfingarinnar.

### **3.6 Umhverfisdagur Keflavíkur**

Umhverfisdagur Keflavíkur var haldinn 6. maí. Yfir eitt hundrað sjálfboðaliðar tóku þátt í deginum. Það er markmið okkar að vel sé gengið um keppnissvæði og nærumhverfi félagsins, þau séu ætíð snyrtileg og okkur til sóma. Samstarfsaðilar okkar eru: Vikurfréttir, Samkaup, Reykjanesbær, Myllan og Ölgerðin. Aðalstjórn þakkar öllum þeim aðilum sem koma að umhverfisdeginum með einum eða öðrum hætti.




Einar Haraldsson formaður og Kári Gunnlaugsson varaformaður að grilla

### **3.7 Útgáfumál**

Jólablaðið kom út í desember og var stjórn félagsins ánægð með útkomuna en blaðið var fjörutíu síður. Opnuviðtal var við Björgu Hafsteinsdóttur fyrrum körfuknattleikskonu. Jólablaðið undirstrikar víðtæka starfsemi félagsins. Blaðinu var dreift í öll hús í Reykjanesbæ ásamt því að vera á heimasíðu félagsins. Fimleikadeild Keflavíkur sá um að dreifa blaðinu. Heimasíðan geymir ýmsar upplýsingar um félagið og deildir þess. Hún auðveldar foreldrum og áhugafólki um íþróttir að fylgjast með hvað er að gerast í félaginu. Fundagerðir aðalstjórnar eru settar inn á heimasíðuna undir aðalstjórn. Slóð heimasíðunnar er: <http://www.keflavik.is>

Rafrænan póst til félagsins á að senda á [keflavik@keflavik.is](mailto:keflavik@keflavik.is) Einnig er Keflavík á facebook.



Jólablað Keflavíkur 2019

### **3.8 Framkvæmdarstjóri félagsins**

Einar Haraldsson er framkvæmdarstjóri Keflavíkur og hefur gegnt því starfi síðan 1. maí 1999. Deildum félagsins stendur til boða að láta framkvæmdarstjórnann færa bókhaldið og reikna launin. Auk þess hefur framkvæmdarstjóri verið deildum innan handar við hin ýmsu verkefni.


#### **4.0 Félagsheimili Keflavíkur**

Jákvæð breyting hefur verið á innra starfi félagsins við tilkomu félagsheimilisins. Knattspyrnu- og körfuknattleiksdeild stóðu fyrir glæsilegu þorablóti Keflavíkur sem um sjöhundruð manns sóttu. Sportrásir stöðvar 2 ásamt sjónvarpi símans eru í boði + fleira. Deildir hafa verið duglegar að nota aðstöðuna og bjóða upp á ýmsa skemmtilega hluti fyrir okkar iðkendur. Aðstaða til fundar er mjög góð. Búið er að setja nýtt hljóðkerfi í salina. Getraunir eru á laugardögum og hvetjum við sem flesta að koma og taka þátt og auka í leiðinni félagsandann innan félagsins



#### **5.0 Keflavík íþrótt- og ungmennafélag 90 ára**

Keflavík íþrótt- og ungmennafélag fagnaði 90 ára afmæli sínu þann 29. september og var öllum stjórnarmönnum deilda og ráða, iðkendum, foreldrum, þjálfurum og öðrum velunnurum félagsins boðið til veislu sem haldin var í íþróttahúsinu við Sunnubraut. Boðið var upp á skúffuköku, kaffi, svala og kristal. Öllum stjórnarmönnum deilda og ráða var boðið til hátíðarkvöldverðar á sal félagsheimilis okkar um kvöldið.



#### **6.0 Fyrirmyndarfélag/deild ÍSÍ**

Keflavík íþrótt- og ungmennafélag varð fyrst allra fjölgreinafélaga til að hljóta viðurkenningu ÍSÍ sem fyrirmyndarfélag. Allar deildir félagsins, hafa hlotið gæðaviðurkenningu ÍSÍ. Keflavík er rekið eftir ákveðnum gæðakröfum. Viðurkenningin er veitt til fjögurra ára í senn.



FYRIRMYNDARFÉLAG ÍSÍ

## 7.0 Landsmót UMFÍ

### 7.1 6. Landsmót UMFÍ 50+ á Blönduósi 19. - 22. júní 2020

Landsmót 50+ verður haldið á Blönduósi. Hvetjum sem flesta að fara.

### 7.2 Íþróttaveisla UMFÍ 26. - 28. júní 2020

Sannkölluð Íþróttaveisla fer fram 26. - 28. júní 2020 í Kópavogi. Á viðburðinum verður hægt að velja úr fjölda íþróttagreina auk skemmtunar og fróðleiks. Allir 18 ára og eldri geta skráð sig til þátttöku. Að auki verður margt í boði fyrir gesti yngri en 18 ára. Íþróttaveislan er frábær skemmtun fyrir alla fjölskylduna. Fyrirkomulag viðburðarins er nýtt. Allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Hægt er að kynnast nýjum íþróttagreinum, fá kennslu í þeim og taka fyrstu skrefin í nýrri hreyfingu. Þú setur saman þína eigin veislu.

### 7.3 22. Unglingalandsmót UMFÍ á Höfn í Hornafirði 1. – 4. ágúst. 2019

22. unglíngalandsmótið var haldið á Höfn í Hornafirði um verslunarmannahelgina. USÚ var mótshaldarinn. Keflavík átti þrjátíu og þrjá keppendur. Frammistaða okkar keppenda var góð og einnig voru okkar þátttakendur til fyrirmyndar. Aðalstjórn færir öllum þeim sem komu að utanumhaldi okkar keppenda sitt þakklæti.



Mynd frá ULM 2019

### 7.4 23. Unglingalandsmót UMFÍ á Selfossi 30. júlí – 2. ágúst. 2020

23. unglíngalandsmótið verður haldið á Selfossi um verslunarmannahelgina. HSK er mótshaldarinn. Aðalstjórn hvetur deildir félagsins til að senda iðkendur á mótið og senda fjölmennt lið til þátttöku. Undanfarin ár hefur aðalstjórn greitt þátttökugjöldin. Þetta er skemmtilegasta útiátíð sem völ er á um verslunarmannahelgi. Allir á unglíngalandsmót.



## 8.0 Bæjaryfirvöld

Aðalstjórn hefur átt gott samstarf við bæjaryfirvöld. Bæjarfulltrúum er vel ljóst hversu mikilvæg starfsemi íþróttahreyfingarinnar er í Reykjaneshöf. „Reykjaneshöf Íþróttabær“ er stefnumörkun sem þarf að endurspeglar sameiginlegan vilja íþróttahreyfingarinnar og bæjaryfirvalda, enda líklega unnin með hliðsjón af markmiðum UMFÍ, ÍSÍ og mennta- og menningarmálaráðuneytis. Aðalstjórn leggur áherslu á áframhaldandi uppbyggingu á íþróttasvæðinu við Hringbraut og við æfingarsvæðið fyrir aftan Reykjaneshöllina, en þar er verið að óska eftir gervigrasvelli og hafa bæjaryfirvöld samþykkt að gera gervigrasvöll fyrir aftan Reykjaneshöllina. Bæjaryfirvöld hafa samþykkt nú í fyrsta skipti styrk við innra starf félagsins sem gerir okkur kleift að ráða annan starfsmann inn á skrifstofu félagsins. Bærinn hefur líka samþykkt að veita styrk í meistaraflokks starfið í knattspyrnu og körfu og koma styrkirnir til greiðslu á þessu ári. Fögnum við því sérstaklega og lítum á að þetta sem fyrsta skref Reykjaneshöf af mörgum sem eftir eiga að koma.

Rannsóknir sýna að fyrir hverja krónu sem sett er í íþróttastarfið þá skilar það þremur krónum til baka fyrir samfélagið.

### **Lokaorð**

Aðalstjórn vill þakka öllum velunnurum félagsins, stjórnarmönnum deilda, ráða og foreldrum fyrir dugnað og fórnfúst starf til eflingar íþróttastarfsins innan Keflavíkur.

Íslandi allt.

Einar Haraldsson formaður  
Keflavíkur íþrótt- og ungmennafélags

## 9.0 Íþróttakarlar og kona Keflavíkur og Íslandsmeistarar Keflavíkur 2019



Eva Margrét Falsdóttir og Helgi Rafn Guðmundsson sem tók á móti viðúrkenningunni fyrir hönd Kristmundar Gíslasonar

## 9.1 Íþróttakarlar Keflavíkur 2019 Kristmundur Gíslason

Kristmundur er einn besti keppandi landsins. Hann hefur verið fasta maður landsliðsins í áraraðir. Á þessu ári var hann ósigraður á Íslandi. Hann var þá valinn besti keppandinn á bæði Bikar- og Íslandsmótinu. Hann vann fyrsta Norðurlandameistaratilinn sinn á árinu í -80kg flokki. Hann keppti á US Open og vann fyrsta bardagann, en tapaði svo gegn ríkjandi heimsmeistara.

Kristmundur keppti á HM sem haldið var í Manchester í maí og fyrsta sinn í þessum þyngdarflokki. Hann keppti við besta keppanda Kanada í fyrsta bardaga og var rimman mjög jöfn en því miður vann keppandinn frá Kanada.

Kristmundur hefur þjálfað hjá taekwondo deildinni um árabíl og er einn af burðarstólpum deildarinnar. Hann vekur athygli hvar sem hann fer að keppta eða æfa.



Íþróttakarlar Keflavíkur 2019 Kristmundur Gíslasonar

## 9.2 Íþróttakona Keflavíkur 2019 Eva Margrét Falsdóttir

Eva Margrét varð Íslandsmeistari í sjö greinum á Aldursflokkeistaramótinu og á Íslandsmeistaramóti í 25 metra laug varð hún í fyrsta skipti Íslandsmeistari í fullorðins flokki í 400m fjórsundi. Hún náði lágmörkum fyrir þrjú verkefni hjá SSÍ í sumar. Norðurlandamót Æskunnar (NÆM), Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar (EYOF) og Evrópumeistaramót Unglinga (EMU).

Hún valdi að taka þátt í Norðurlandamóti Æskunnar (NÆM). Á Íslandsmeistaramóti í 25 metra laug náði Eva Margrét lágmörkum á Norðurlandameistaramótið í Sundi sem fram fór í Færeyjum. Hún komst þar í úrslit í 200m bringusundi þar sem hún hafnaði í 4. sæti



Íþróttakona Keflavíkur 2019  
Eva Margrét Falsdóttir  
ásamt Einari Haraldssyni formanni Keflavíkur

### 9.3 Íþróttakarlar- og kona deilda Keflavíkur 2019

|                             |                                    |
|-----------------------------|------------------------------------|
| <b>Knattspyrnukarl:</b>     | <b>Magnús Þór Magnússon</b>        |
| <b>Knattspyrnukona:</b>     | <b>Natasha Moraa</b>               |
| <b>Körfuknattleikskarl:</b> | <b>Hörður Axel Vilhjálmsson</b>    |
| <b>Körfuknattleikskona:</b> | <b>Salbjörg Ragna Sævarsdóttir</b> |
| <b>Fimleikakarl:</b>        | <b>Atli Viktor Björnsson</b>       |
| <b>Fimleikakona:</b>        | <b>Emma Jónsdóttir</b>             |
| <b>Sundkarl:</b>            | <b>Þróstur Bjarnason</b>           |
| <b>Sundkona:</b>            | <b>Eva Margrét Falsdóttir</b>      |
| <b>Taekwondokarl:</b>       | <b>Kristmundur Gíslason</b>        |
| <b>Taekwondokona:</b>       | <b>Dagfríður Pétursdóttir</b>      |
| <b>Blakkarl:</b>            | <b>Bjarni Þór Hólmsteinsson</b>    |
| <b>Blakkona:</b>            | <b>Jónína Einarisdóttir</b>        |



**Frá vinstri:**

Einar Haraldsson formaður Keflavíkur, Emma Jónsdóttir, Jónína Einarisdóttir, Róbert Ólafsson sem tók við viðurkenningu fyrir hönd Magnúsar Þórs Magnússonar, Bjarni Þór Hólmsteinsson, Natasha Moraa, Dagfríður Pétursdóttir, Atli Viktor Björnsson og Þróstur Bjarnason.

**Fyrir miðju** Helgi Rafn Guðmundsson sem tók á móti viðurkenningunni fyrir hönd Kristmundar Gíslasonar og Eva Margrét Falsdóttir

Á myndina vantar Hörð Axelsson og Salbjörgu Rögnu Sævarsdóttur

## **9.4 Íslandsmeistarar Keflavíkur 2019**

### **67 Íslandsmeistarar KEFLAVÍKUR 2019**

**Knattspyrna: fjöldi 15**

**Taekwondo: fjöldi 8**

**Karfa: fjöldi 26**

**Skot: fjöldi 4**

**Sund: fjöldi 5**

**Frjálsaríþróttir: fjöldi 1**

**Fimleikar: fjöldi 8**

#### **10.0 Starfsbikar Keflavíkur 2018, Ólafur Ásmundsson**

Ólafur Ásmundssyni hlotnast sá heiður að fá starfsbikar Keflavíkur fyrir árið 2018. Gefandi er UMFI. Ólafur sat í varastjórn körfuknattleiksdeildar í þrjú ár 2012, 2013 og 2014.

Ólafur hefur unnið mikla sjálfboðaliðavinnu fyrir félagið og er ávallt boðinn og búinn að leggja félaginu hjálparhönd. Hann hefur séð um að grilla hamborgara fyrir leiki í körfunni sama hvernig viðrar. Hann hefur farið fyrir liðið Keflavíkur á unglingalandsmóti UMFI og verið fara- og tjaldbúðastjóri. Ólafur er mikill Keflvíkingur í sér. Því er það mikill fengur að hafa mann eins og Ólaf innan okkar raða, en þar á félagið góðan mann að.



**Starfsbikar Keflavíkur**  
Ólafur Ásmundsson og Einar Haraldsson formaður



## 11.0 Starfsmerki.

### 11.1 Gullmerki

*Gullmerkji Keflavíkur er veitt fyrir 15 ára stjórnarsetu.*

#### **Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 26. febrúar '09**

|                   |            |                     |                  |
|-------------------|------------|---------------------|------------------|
| Einar Haraldsson  | aðalstjórn | Birgir Ingibergsson | aðalstjórn- sund |
| Kári Gunnlaugsson | aðalstjórn | Jónas Þorsteinsson  | badmintondeild   |

#### **Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 28. febrúar '11**

|                          |            |              |           |
|--------------------------|------------|--------------|-----------|
| Sigurvin Guðfinnsson     | aðalstjórn | Árni Pálsson | skotdeild |
| Þórður Magni Kjartansson | aðalstjórn |              |           |

#### **Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 27. febrúar '12**

|                 |            |
|-----------------|------------|
| Guðjón Axelsson | aðalstjórn |
|-----------------|------------|

#### **Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 25. febrúar '13**

|                          |            |
|--------------------------|------------|
| Bjarney S. Snævarsdóttir | aðalstjórn |
|--------------------------|------------|

#### **Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 24. febrúar '14**

